


Annað sumar hjá afa

Friðrik Erlingsson



Vinnubók sem hægt er að tengja efni sögunnar
Áhersla á náttúrufræði: fiska, seli, hvali og fugla

Helga Hauksdóttir

kennsluráðgjafi skóladeild Akureyrar

2015

Bls 4


„Þegar hann afi minn varð áttæður hélt hann mikla veislu.“

Hvað var afi gamall? Hann var _____ ára

20 ára	
30 ára	
40 ára	
50 ára	
60 ára	
70 ára	
80 ára	áttæður
90 ára	



ungur



gamall

Lýsingarorð segja okkur **hvernig** einhver er. Þau lýsa t.d. fólki, bæði körlum (hann) konum (hún) og barni (það).

Stigbreyttu lýsingarorðið **gamall** í karlkyni, kvenkyni og hvorugkyni eintölu:

	frumstig	miðstig	Efsta stig
Hann er			
Hún er			
Það er			

Bls. 8



Mamma hafði sett kökurnar í **kæli** og **frysti**.

„Það er ekki hægt að láta þessar fínu kökur skemmast í frysti,“ sagði afi ...

„Nei“, sagði ég, „þær verða bara **óætar**.“ „Best að borða þær í **hveli**“ sagði afi og hló.

Kælir - frystir



Hér er _____ í
ísskápnum.

Hér er _____ í
ísskápnum.

Kökurnar verða **óætar**.

Það merkir:

- kökurnar verða harðar
- kökurnar verða ljótar
- kökurnar verða vondar

Borðum þær í **hveli**.

Það merkir:

- Við skulum henda kökunum
- Við skulum borða þær seinna
- Við skulum borða þær strax
- Við skulum gefa hundinum kökurnar.



Þetta er terta með jarðarberjum og þeyttum rjóma.

Bls. 10

Hvað fékk afi sér í morgunmat? _____

Hvað fékk strákurinn sér í morgunmat? _____



Úr hverju er lýsi búið til?

Hafragrautur. Hvað notum við þegar við búum til hafragraut?



Þetta getur þú prófað:

1 dl haframjöl


2 dl vatn

½ tsk (teskeið) salt.


Aðferð: öllu blandað saman í pott og soðið í nokkrar mínútur. 😊

Bls. 12


Afi og strákurinn klæða sig vel og setja bátinn á flot. Þeir ætla að athuga hvort fiskur sé kominn í grásleppunetin hans afa.




Grásleppan er ljótur fiskur. Hún er nærri því eins og hraunmoli með ugga og sporð.



hraunmoli



Kviðuggi – sporður - bakuggi



til annarra



Afi segir að grásleppan sé góð á bragðið, þó að hún sé ljót.

Hann sker á kviðinn (magann) á henni og lætur hrognin (e. spawn, pl. ikra, thai. ไข่) renna í fötu.

Hrognin eru egg fiskanna og utan um þau er poki sem er líkur buxum í laginu.

Íslendingar borða ekki oft hrogn en við seljum þau landa, til dæmis til Japan.

Bls. 14

Allt í einu leit afi upp og benti út á sjóinn. „Sjáðu!“ sagði hann. Risastór uggi reis upp úr hafinu rétt hjá bátnum.

Hvað var í sjónum hjá bátnum? _____




Hnísa (pl. morðwin) er minnsti hvalurinn við Ísland. Hnísur eru 1,5 – 1,6 metrar að lengd og 50 til 80 kíló. Þær verða sjaldan meira en 10 ára gamlar. Hnísur kafa grunnt og þær lifa á fiski og öðrum smádyrum. Hnísur stökkva ekki hátt upp úr sjónum, heldur stinga bara hausnum upp til að anda. Þær eru oft nálægt landi og þess vegna kemur fyrir að þær flækjast í fiskinet.

Hér skalt þú lesa meira um hnísur áður en þú ferð á næstu blaðsíðu:

<http://www.hvalasafn.is/hvalir-vid-island/tegundir/hnisa/>

Þetta veit ég um hnísur



Mynd af hnísu

Nöfn á karldýri, kvendýri og afkvæmi

Hnísa
pl. morðwin

Stærð hnísunnar

Annað sem ég veit um hnísuna

Stafsetning!

Hnísa (nafnorð): hvalur. Ein hnísa - margar hnísur

Að hnýsast (sagnorð): Að forvitnast eða njósna um eitthvað

Bls. 16

Allt í einu tók afi viðbragð: „Hó! Það er eitthvað fast í netinu!“

„**Að taka viðbragð**“ þýðir:

- Að hrópa hátt
- Að snúa við
- Að kippast við

Lengst niðri í grænum sjónum sáu við eitthvað brjótast um í netinu. Við toguðum **af öllu afli** og eftir smástund sáu við hvað þetta var. „Þetta er selur!“ hrópaði afi.


„**Af öllu afli**“ þýðir:

- Við toguðum báðir í einu
- Við toguðum eins fast og við gátum

Um seli: urta – brimill – kópur.

Raðaðu heitum þeirra á rétta staði:

karlkyn (hann)	kvenkyn (hún)	afkvæmi



Kópurinn opnaði stóru, dökku augun sín.

Hvaða tvö **lýsingarorð** eru í þessari setningu?

Í kringum Ísland eru aðallega (mest) tvær tegundir af selum: **landselur** og **útselur**.

Landselur er algengasti selurinn við strendur Íslands og það er mest af honum við norð-vestanvert landið. Selurinn getur orðið um 2 metrar að lengd og um 100 kíló að þyngd.

Urturnar kæpa einum kópi (eignast einn kóp) í júní og hugsa um hann í 3 – 4 vikur. Kóparnir eru um 10 kíló þegar þeir fæðast.

Landselur ferðast lítið og er oftast á sömu slóðum í hafinu. Algengasta fæða hans er fiskur, til dæmis smáþorskur, karfi, síld o.fl..



Útselir eru ólíkir landsel og mun stærri, 2,5 metrar að lengd og 180-300 kíló að þyngd. Brimillinn (kk) er mun stærri en urtan (kvk).

Kópar útselsins fæðast á haustin, frá september til nóvember.

Útselur borðar fisk, eins og landselurinn, en hann borðar oft stærri fiska, t.d. hrognkelsi, þorsk og steinbít.

Útselur er víða kringum Ísland, til dæmis við Vestmannaeyjar og á norð-vesturlandi, í Skagafirði og Húnaflóa.

Heimild: <http://www.selasetur.is/is/selir/um-islenska-seli/>



Mynd: www.visindavefur.is

Úr gamalli þulu:

Sofa urtu börn
á útskerum,
veltur sjór yfir,
og enginn þau svæfir.

Sofa manna börn
í mjúku rúmi,
bía og kveða
og babbi þau svæfir.




Orðaskýringar:

Urtubörn = _____

Sker = _____

Svæfa = _____

Upprifjun!



Fæða sela og hvala er líka maturinn okkar

Þorskur (e. cod, pl. dorsz)

Selir éta oft smáþorsk en þorskurinn er líka fiskur sem mikið er borðaður á Íslandi. Þorskurinn er mikilvæg útflutningsvara (pl. produkt na eksport) og við seljum mikið af honum til annarra landa. Úr lifur þorsksins er unnið lýsi.

Mikið er af þorski í köldum sjónum kringum Ísland og beggja vegna Norður-Atlantshafsins.

Þorskurinn er botnfiskur og lifir á ýmsu dýpi en þó ekki dýpra en um 400 metra. Hann étur flest sem hann nær í, jafnvel minni þorska.

Þorskurinn hrygnir síðari hluta vetrar. Fjöldi eggja getur verið á bilinu 2 milljónir upp í 4 milljónir (<http://www.visindavefur.is/svar.php?id=1371>).

Stundum er þorskurinn kallaður „sá guli“ en roð hans er oft svolítið gulleitt eða gulgrænt. Þorskurinn er með ljósa rák á hliðinni og skeggþráð á höku. Hann notar skeggþráðinn til að leita að fæðu á sjávarbotni.



Ýsa (e. haddock, pl. Plamiak/łupacz)

Ýsa er algengur fiskur við Ísland og hin Norðurlöndin og lifir aðeins á norðurhveli jarðar. Hún er mikið borðuð hér á landi. Ýsan er grá eða silfurlituð og rákin á kviði hennar er svört.

Ýsan lifir á 10 – 200 metra dýpi. Hún borðar loðnu og ýmis dýr sem lifa á botninum, t.d. rækju (<https://sites.google.com/site/lifrikihafsin/home/ysa>).




Mynd: www.visindavefur.is

Bls. 22

(Fýll – pl. fulmar, ptak morski, thai. คนเหลวไหล)

„Fyrir ofan bæinn hans afa, lengst uppi í fjalli er stór klettur.

Rétt fyrir ofan mig, í klettinum, sat fugl og gaggaði á mig. Þetta var múkki.“



Stafsetning!

Fíll: Stórt spendýr með langan rana.

Fýll: Fugl, stundum kallaður múkki. Algengur við Ísland, sérstaklega við strendur.

Flýgur oft lágt yfir sjónum til að leita að æti (mat).

„Múkkinn gleypir fiskinn sem hann veiðir handa ungunum og meltir hann í maganum,“ sagði afi. „Svo ælir hann matnum upp í ungana sína.“

Finndu eitt sagnorð (það sem við gerum) í textanum hér að ofan: _____

Finndu eitt nafnorð í karlkyni, eintölu (hann): _____

Finndu eitt nafnorð í karlkyni fleirtölu (þeir): _____

Lestu meira um fýlinn á þessum vef áður en þú vinnur næstu síðu:

<http://www.nordursigling.is/lifriki-skjalfanda/fuglar-skjalfanda/fyll/>

Þetta veit ég um fýlinn (múkkann)

stærð

Mynd – útlit
Setning um fýlinn.

**Fýllinn
fulmar**

Hér eru þeir algengir

Svona fá ungarnir að borða

Hrafn – krummi

(e. raven pl. kruk, thai. ดำขลับ)

Hrafninn er mjög algengur (pl. zwykły) um allt Ísland. Hann er hér allt árið og er því **staðfugl**. Hrafninn er kolsvartur og getur orðið 1,5 kg að þyngd. Hrafnar geta orðið gamlir, eða um 20 ára.



Hrafnar verpa (pl. składać jaja) snemma á vorin og ungarnir koma úr eggjum í maí. Á vorin borðar hrafninn oft egg og unga annarra fugla. Hann er alæta (pl. istotą wszystkich zwierząt), borðar hræ (pl. padliną) dýra, t.d. lamba og á haustin borðar hann mikið af berjum.

Á veturna er hrafninn mikið nálægt húsum og mönnum í von um að finna sér eitthvað að borða.

Krummi er glysgjarn (pl. lubiący błyskotki) og ber oft ýmislegt dót sem hann finnur í hreiðrið sitt. Margar sögur og ljóð eru til um hrafninn (<http://www.visindavefur.is/svar.php?id=3375>)

Vísa um dýr:

Hani, krummi, hundur, svín,
hestur, mús, tittlingur.
Galar, krunkar, geltir, hrín,
gneggjar, tístir, syngur.

Texti: Páll Vídalín

Lag: þjóðlag

Orðaskýringar

Staðfugl:

e. non-migratory bird
pl. ptak osiadły

Farfugl:

e. migrant
pl. ptak wędrowny

verpa:

e. lay eggs
pl. składać jaja

Davíð Stefánsson var skáld sem bjó lengi á Akureyri. Hann var fæddur í Fagraskógi við Eyjafjörð (á leið til Dalvíkur) árið 1895. Hann bjó lengst á Akureyri, í Bjarkarstíg og lést (dó) árið 1966.

Davíð þótti vænt um krumma og fyrsta ljóðabókin hans hét **Svartar fjaðrir**. Hann samdi nokkur ljóð um krumma, t.d. um hrafnamóður sem átti hreiður í kirkjuturni.



Hrafnamóðir

Á kirkjuturni hrafnamóðir
hreiður sér bjó;
hún bjóst við að geta alið þar
börnin sín í ró.

Og þó hún væri svartari
en vetrarnáttmyrkrið,
bjóst hún við, að kirkjan
veitti börnunum sínum frið.

En eitt sinn, er hún sat þar
og undi sér vel,
lét klerkurinn skotmanninn
skjóta hana í hel.

Og dauð á litlu börnunum
hún blæðandi lá
kristinna manna
kirkjuturni á.

Við það gladdist klerkurinn,
en glaðari þó hann varð,
er skotmaðurinn hreytti
hreiðrinu niðr' í garð.

En lesi klerkur messu
og lofi drottins nafn,
þá flögrar yfir kirkjunni
kolsvartur hrafn.

Davíð Stefánsson



Orðskýringar



hreiður



**Klerkur =
prestur**

Fugl eða fiskur?

Skrifaðu svolítið um einhvern fugl og fisk sem er algengur í þínu heimalandi.
Þú getur líka farið á netið og valið þér fugl eða fisk til að skrifa svolítið um.

Finndu mynd á netinu eða teiknaðu mynd.

Picture/rysunek/zdjęcie

Picture/rysunek/zdjęcie